

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 5/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Baldri Gunnarssyni

(Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 2. janúar sl., að varnaraðili, sem er í gæsluvarðhaldi allt til 16. febrúar nk., sæti banni við samneyti við aðra fanga, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni og heimsóknarbanni. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að teknu tilliti til þess, að aflétt hefur verið banni við samneyti varnaraðila við aðra fanga og fjölmiðlabanni.

Af hálfu sóknaraðila hefur á engan hátt verið rökstutt, að rannsóknarnauðsynjar krefjist þess, að varnaraðili sæti heimsóknarbanni eða bréfaskoðun. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. janúar 1996.

Að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, Bláskógum 9, Hveragerði, dvalarstaður Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, í dag úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 2. febrúar 1996 kl. 16.00 vegna ætlaðs brots, sem gæti varðað hann refsingu skv. 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Úrskurðurinn er byggður á a-lið 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eftir uppkvaðningu úrskurðarins var því lýst yfir í bókun af hálfu RLR, að fyrst um sinn yrði gæsluvarðhaldi kærða svo háttað, að hann yrði í einangrun og mætti ekki fá heimsókn. Þá mætti hann ekki senda eða fá bréf né hafa aðgang að fjölmiðlum eða samneyti við aðra fanga.

Í framhaldi af þessari bókun var þessari tilhögun gæsluvarðhaldsins mót-mælt af hálfu kærða og þessi atriði borin undir dómara samkvæmt 3. mgr. 108. gr., sbr. 75. gr. oml., og tekin til úrskurðar, eftir að fulltrúi RLR og verjandi kærða höfðu tjáð sig um ágreininginn.

Álit réttarins.

Í liðum b – e í 1. mgr. 108. gr. oml. er kveðið á um réttindi gæslufanga og um heimildir þess, er rannsókn stýrir, til að takmarka þau réttindi.

Frumrannsókn máls þessa er ekki lokið, m. a. er tilefni árásar kærða á X óljós. Þykir því rétt að staðfesta þá ákvörðun rannsóknara, að kærði sæti þeim takmörkunum, sem fram koma í bókun rannsóknara, fyrst um sinn, meðan frumrannsókn er ólokið, en þó eigi lengur en þörf krefur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, skal fyrst um sinn í gæsluvarðhaldi sínu látinn vera í einrúmi og sæta takmörkunum á réttindum skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. 108. gr. oml., sbr. yfirlýsingu fulltrúa Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þessum takmörkunum skal aflétt, jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf.